

Aðalfundur Festi hf.**5. mars 2026**

Fimmtudaginn 5. mars 2026 kl. 10:00 árdegis var haldinn aðalfundur Festi hf., kt. 540206-2010, að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fór hann stuttlega yfir dagskrá fundarins og tilhögun. Gerði Hjörleifur svo að tillögu sinni að Guðmundi Ingva Sigurðssyni, lögmanni, yrði falin fundarstjórn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Gerði hann að tillögu sinni að Sölva Davíðssyni, lögmanni, yrði falin fundarritun. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í fundarboði sem birt hafi verið í kauphallarkerfi þann 10. febrúar 2026. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans. Lýsti fundarstjóri því að enginn vafi væri því um lögmati fundarins.

Fundarstjóri upplýsti að hlutaskrá félagsins lægi fyrir fundinum og að samkvæmt henni væri mætt fyrir 58 hluthafa sem hefðu að baki sér 74,6% hlutafjár félagsins, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar um rekstur félagsins á liðnu ári.

Stjórnarformaður hóf mál sitt á að fara yfir að rekstur og starfsemi félagsins hafi gengið vel á árinu 2025 þar sem sótt hafi verið fram af krafti. Hafi félagið náð til hjarta viðskiptavina á fjölmörgum sviðum og væri markmiðið að styrkja það samband enn frekar enda lykilþáttur í árangri samstæðunnar. Gerði formaður sérstaklega grein fyrir vinnu við stefnumótun samstæðunnar á liðnu ári, þar sem lagt hafi verið upp með að ná utan um allt það góða sem hún stæði fyrir og færa í orð til að varða leiðina áfram. Hafi stefnan verið unnin í góðri samvinnu stjórnar og stjórnenda og án þess að leitað hefði verið til utanaðkomandi ráðgjafa. Væri það mat stjórnar að niðurstaðan sýndi á raunhæfan hátt styrkleika og þau einkenni sem félagið byggir raunverulega yfir og hægt væri að efla enn frekar.

Því næst var farið yfir að upplegg stjórnar á liðnu ári hafi verið að skila góðum rekstri og auka arðsemi. Hafi í því samhengi sérstaklega verið horft til N1 ehf., þar sem skort hefði viðundandi hagnað af rekstri um nokkurt skeið. Hafi niðurstaða ársins 2025 verið sú að hvert og eitt samstæðufélag skilaði framúrskarandi árangri. Var í því samhengi farið yfir vörusölu ársins, hagnað og hagnað á hvern útgefinn hlut í félaginu. Þegar allt hafi verið talið hafi samstæðan átt gott ár í rekstri á síðasta ári og stjórn og stjórnendur stolt af þeim árangri sem náðst hafi.

Formaður rakti að miklir fjármunir væru undir í rekstri samstæðummar og að eitt af lykilmarkmiðum stjórnar væri að arðsemi væri viðunandi að teknu tilliti til áhættu. Var farið yfir að arðsemi eigin fjár á síðasta ári hafi numið 13,9%. Í stefnu stjórnar væri horft til 12% arðsemi sem langtímamarkmiðs fyrir félagið sem væri heilbrigð viðmið fyrir samstæðuna að mati stjórnar. Lýsti formaður því að áhugavert væri að heyra skoðun hluthafa á tilgreindu lykilviðmiði stjórnar.

Því næst var rakið að sjóðstreymi félagsins á árinu 2025 hafi verið gott og fjárhagsstaða þess í árslok mjög sterk. Var í því samhengi farið yfir eigið fé, vaxtaberandi skuldir, handbært fé og eiginfjárlutfall í árslok 2025. Var sérstaklega rakið að eiginfjárlutfallið hafi verið 41% og því umfram 35 - 40% viðmið stjórnar. Með hliðsjón af stöðu félagsins væri það mat stjórnar að félagið stæði frammi fyrir góðum tækifærum til að stækka með innri sem ytri vexti á næstu tveimur til þremur árum. Ef ekki kæmi til

Þess og arðsemi færi að líða of mikið fyrir fjárhagslegan styrk kæmi stjórn til með að leggja til við hluthafa að fjármunum yrði skilað með auknum arðgreiðslum eða umfangsmeiri endurkaupum hlutafjár.

Farið var yfir að á árinu 2025 hafi þeim áfanga verið náð að markaðsverð hlutabréfa í félaginu fór yfir 100 milljarða króna í fyrsta sinn. Rakti formaður að samþykkt hluthafa á kaupréttaráætlunum félagsins á aðalfundi 2024 hafi verið jákvætt skref að mati stjórnar og reynst hjálplegur hvati til árangurs gagnvart starfsfólki samstæðunnar.

Það lagðist margt með okkur á síðasta ári en fyrst og síðast kom árangurinn til af einstökum dugnaði, áhuga og krafti þeirra sem hér starfa undir forystu framsækins forstjóra og kraftmikillar framkvæmdastjórnar. Var rakið að stjórn hafi einnig starfað vel saman á starfsárinu í þeirri umfangsmiklu starfsemi sem fram færi innan samstæðunnar. Var rakið að tvö af rekstarfélögum samstæðunnar væru nægilega stór til að vera skráð sjálfstætt á hlutabréfamarkað. Þyrfti skipulag, festu og ákveðni til að halda stjórn á rétttri hæð í aðkomu að svo umfangsmiklum rekstri. Þrátt fyrir að skipulagið væri mjög hagkvæmt og gengi vel kynnu að verða áskoranir við að skala upp stjórnarstarfið innan núverandi ramma til framtíðar litið í stækkandi samstæðu.

Að endingu fór stjórnarformaður yfir að yfirbragð nú í efnahagsmálum væri rólegra en á árinu 2025. Væri í slíku árferði ef til vill tækifæri til að staldra við og greina möguleg færi með hagsmuni samstæðunnar að leiðarljósi. Eftir sem áður væru áskoranir fram undan, þar á meðal í orkuskiptum í samgöngum sem vísbendingar væru um að væru nú að koma fram hraðar og af meiri þunga. Væri markmið ársins 2026 að reka félög samstæðunnar áfram vel áfram og fjárfesta í framtíð þeirra. Meðal verkefna stjórnar væri einnig að greina af kostgæfni möguleg tækifæri til framtíðar litið með hliðsjón af því hlutverk samstæðunnar að bæta daglegt líf og skapa verðmæti í sátt við samfélagið. Þá væri stjórn þakklát fyrir traust til áframhaldandi starfa í þágu hluthafa félagsins og vaka yfir velsæld þess fram að næsta aðalafundi.

Fundarstjóri þakkaði Hjörleifi fyrir og lagði til að mælendaskrá yrði ekki opnuð fyrr en að loknum öðrum dagskrárlið. Var ekki gerð athugasemd við það.

2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.

Fundarstjóri gaf Ástu S. Fjeldsted, forstjóra félagsins, orðið.

Forstjóri lýsti því í upphafi að árið 2025 hafi einkennst af góðum vexti og bættri afkomu félagsins. Stæði félagið þannig sterkt eftir öflugt rekstrarár þar sem öll félög samstæðunnar hafi skilað góðum árangri. Var í því samhengi farið yfir vörusölu ársins, EBITDA, framlegðarstig og aðra lykilmælikvarða í rekstri félagsins. Þakkaði forstjóri tryggum viðskiptavinum og starfsfólki félagsins fyrir þann árangur sem náðst hafi um land allt. Þá var farið yfir magntölur varðandi fjölda afgreiðslna, afgreiðslna stafrænna miðla, fjölda seldra vara og fjölda seldra lítra á árinu 2025 auk þess sem gerð var grein fyrir þeirri aukningu sem orðið hafi bæði í innlendri og erlendri kortaveltu.

Því næst fór forstjóri yfir að innan félagsins hafi verið horft til þeirra miklu samfélagsbreytinga sem hafi orðið með aukinni notkun á tækni og stafrænum miðlum. Færi þjónusta við viðskiptavinum samstæðunnar í auknum mæli með stafrænum lausnum sem margar hverjar væru þróaðar innan félagsins. Var í því samhengi farið yfir þær stafrænu lausnir sem væru notaðar innan rekstrarfélaga samstæðunnar með góðum árangri. Jafnframt því var farið yfir þau skref sem hafi verið stigin á árinu 2025 varðandi kaup og sölu, uppbyggingu og þróun nýrra tækifæra sem kæmu til með að sér í framtíðarvirði fyrir samstæðuna. Þá gerði forstjóri nánari grein fyrir þeirri stefnumótunarvinnu sem ráðist hafi verið í innan félagsins á árinu 2025 og niðurstöðum þeirrar vinnu.

Forstjóri fór yfir rekstur samstæðunnar 2025. Fór forstjóri yfir að tekjur af vöru- og þjónustusölu hefðu aukist um 19,0 ma. kr. eða 12,3% á milli ára. Hafi framlegð af vörusölu numið um 43,7 ma. kr. og

aukningin numið 19,0% á milli ára. Lýsti forstjóri því að áframhaldandi áhersla hefði verið lögð á framlegðarstig félagsins sem numið hafi 25,2% og hækkað um 1,4% milli ára. Var einnig farið yfir að launa- og starfsmannakostnaður hafi numið 21,7 ma. kr. sem hafi verið 17,9% hækkun á milli ára. Hafi stöðugildi verið alls 1.686 og þeim fjölgað um 10% á milli ára. Þá hafi EBITDA hækkað um 27,9% (20,7% án einskiptiskostnaðar) á milli ára og hagnaður numið 6,2 ma. kr.

Forstjóri fór því næst yfir starfspáttayfirlit samstæðunnar í lok árs 2025 sem og efnahagsreikning miðað við sama tímamark. Lýsti forstjóri því að efnahagur félagsins væri traustur en heildareignir í árslok hafi numið 115.761 millj. kr. Þá gerði forstjóri grein fyrir sterku sjóðstreymi samstæðunnar miðað við árslok 2025. Lýsti forstjóri því að handbært fé frá rekstri hafi numið 15,8 ma. kr. Fjárfestingar hafi numið 6,1 ma. kr á árinu.

Varðandi rekstrarlegar áherslur á árinu 2026 vísaði forstjóri til þess að sérstaklega yrði horft til aukinnar samlegðar og væri í því samhengi m.a. horft til innkaupastyrks samstæðunnar og bættrar nýtingar eigin húsnæðis. Var einnig farið yfir opnun nýrra verslana og útsöluaðila samstæðunnar á árinu. Enn fremur vék forstjóri að því að áfram yrði horft til þróunar stafrænna lausna til að bæta þjónustu við viðskiptavinum. Þá yrði aðhald í rekstri í forgrunni þar sem m.a. yrði horft til forvarnaraðgerða gegn rýrnun og lækkun fjármagnskostnaðar.

Að endingu fór forstjóri yfir að félagið hefði yfir að ráða einu þéttasta sölu- og þjónustuneti landsins. Í því fælust mikil tækifæri til samnýtingar á þjónustu og sölu. Byggt félagið á sterkum grunni, reynslu og þekkingu og væri til þess fallið að taka næstu skref til aukins vaxtar. Staða eiginfjár hjá félaginu væri mjög sterk og að með góðum rekstri hefði myndast rými til að setja áherslu á vöxt og tækifæri til framtíðar. Um stöðu og horfur fyrir árið 2026 vísaði forstjóri til þess að mikil óvissa væri í efnahagsmálum en að EBITDA spá félagsins fyrir árið næmi 16.500 – 17.000 millj. kr. og að CAPEX spá næmi 7.500 – 8.000 millj. kr. Um helstu forsendur og áhættur í því sambandi vísaði forstjóri til áhrifa stýrivaxtahækkana á hagkerfið í heild, stríðsátaka á vöruframboð og heimsmarkaðsverð hrávara, hárrar verðbólgu, gengi íslensku krónunnar og óvissu um fjölda ferðamanna til Íslands og þróun alþjóðamála.

Fundarstjóri þakkaði Ástu fyrir kynninguna og opnaði mælendaskrá um fyrstu tvo dagskrárliði fundarins.

Davíð Rúðólfsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, kvaddi sér hljóðs og þakkaði fyrir góða kynningu undir fyrstu tveimur dagskrárliðum fundarins. Varðandi fjárhagsstöðu félagsins og eiginfjárlutfall rakti Davíð að Gildi lífeyrissjóður horfði til þess að gefa stjórn svigrúm til að viðhalda fjárhagslegum styrkleika félagsins til að geta skoðað skynsamleg tækifæri til vaxtar samstæðunnar eða til frekar styrkingar á efnahag. Varðandi vaxtataækifæri þyrfti þó að vanda vel til verka, svo sem stjórnarformaður hafi komið inn á, þannig að þau styrktu raunverulega samstæðuna til lengri tíma litið svo sem átt hafi verið í tilviki kaupa félagsins á öllu hlutafé Lyfju hf. Þá væri ekki sérstakt tilefni til að breyta aðgreiðslustefnu félagsins að mati Gildis lífeyrissjóðs

Hjalti Baldursson, fyrirsvarsmaður HIBB Holding ehf., kvaddi sér hljóðs. Hóf hann mál sitt á að óska stjórn og stjórnendum til hamingju með gott ársuppgjör og lýsti sig sammála þeirri nálgun sem kynnt hafi verið með uppgjörinu um hækkun á stefnu fyrir eiginfjárlutfall í 35-40%. Rakti Hjalti að eiginfjárlutfallið væri nú umtalsvert yfir þeim mörkum og að á meðan handbært fé frá rekstri væri með þeim hætti sem verið hafi kynni að vera svigrúm til að ráðast í frekari endurkaup á hlutabréfum félagsins. Með hliðsjón af mögulegum vaxtataækifærum samstæðunnar væri þó líklega full ástæða til að vera í hærri mörkum á eiginfjárlutfallinu samkvæmt þeirri stefnu sem stjórn hafi markað. Horfa þyrfti jafnframt til stöðu félagsins og þess tíma sem færi í frágang samrunamála.

Fundarstjóri og stjórnarformaður þökkðu Davíð og Hjalta fyrir góðar framsögur.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir fyrstu tveimur dagskrárliðum fundarins.

3. Ársreikningur og samstæðureikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.

Fundarstjóri bar ársreikning móðurfélagsins og samstæðureikning félagsins undir atkvæði fundarmanna og gerði grein fyrir að stjórn legði til að reikningarnir yrðu samþykktir eins og þeir lægu fyrir fundinum. Árs- og samstæðureikningur félagsins voru samþykktur samhljóða af hluthöfum.

4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2025.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar til aðalfundar um arðgreiðslu fyrir liðið rekstrarár. Var farið yfir að tillagan tæki til þess að greiddur arður til hluthafa yrði að fjárhæð kr. 7,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn yrði greiddur til hluthafa þann 9. apríl 2026. Arðleysisdagur væri 5. mars 2026 og arðsréttindadagur 6. sama mánaðar.

Mælendaskrá var opnuð. Enginn kvaddi sér hljóðs. Tillaga stjórnar um arðgreiðslu var samþykkt samhljóða.

5. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur.

Fundarstjóri gaf Ingu Björgu Hjaltadóttur, formanni tilnefningarnefndar, orðið til að kynna skýrslu tilnefningarnefndar sem birt var opinberlega þann 10. febrúar sl.

Inga Björg gerði grein fyrir skipan nefndarinnar, starfi hennar á starfsárinu og fyrirliggjandi skýrslu til aðalfundar. Var farið yfir að nefndin væri ráðgefandi fyrir hluthafa í tillögugerð að stjórn. Bæri nefndinni að hafa hagsmuni allra hluthafa að leiðarljósi. Væri markmiðið að tryggja gagnsætt og faglegt ferli við tilnefningu stjórnarmanna og styðja við upplýsta ákvarðanatöku hluthafa við stjórnarkjör. Jafnframt því fór Inga Björg yfir fundi sem nefndin hefði átt með hluthöfum í aðdraganda aðalfundar og við vinnslu skýrslu- og tillögugerðar fyrir fundinn. Þá gerði Inga Björg grein fyrir yfirferð nefndarinnar á starfsreglum hennar og að ekki hefði þótt tilefni til að leggja tillögur að breytingum þeirra fyrir fundinn.

Inga Björg fór yfir að til nefndarinnar hefðu borist sjö framboð, þar á meðal frá öllum sitjandi stjórnarmönnum. Rakti Sigrún það ferli sem tilnefningarnefnd hafði viðhaft vegna skýrslu- og tillögugerðar til aðalfundar. Væri það tillaga nefndarinnar til aðalfundar að allir núverandi stjórnarmenn yrðu endurkjörnir í stjórn félagsins.

Þakkaði Inga Björg að lokum hluthöfum, stjórn, nefndarmönnum, forstjóra og öðru starfsfólki fyrir samvinnuna á starfsárinu.

Fundarstjóri þakkaði Ingu Björgu fyrir og opnaði fyrir mælendaskrá undir dagskrárarliðnum.

Davíð Rúðólfsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, kvaddi sér hljóðs. Rakti Davíð að formið utan um tilnefningarnefndir, þar á meðal hjá Festi hf., hafi verið í mótun og þróun á liðnum árum. Hafi þær breytingar verið almennt jákvæðar þar sem tilnefningarnefnd félagsins væri undirnefnd hluthafa. Væri þannig gott að hluthafar gætu átt opið og milliliðalaust trúnaðarsamtal við nefndina í aðdraganda aðalfunda.

Fundarstjóri þakkaði Davíð fyrir erindið.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, kvaddi sér því næst hljóðs. Þakkaði hann framkvæmdastjóra Gildis lífeyrissjóðs fyrir gott innlegg. Lýsti Hjörleifur því að stjórn hafi átt gott samstarf við tilnefningarnefnd félagsins á starfsárinu. Þar sem fyrir lægi að sjálfkjörið yrði til stjórnar væri ljóst að meiri samfella yrði í störfum stjórnar þar sem ekki þyrfti að koma nýjum aðila inn í starfið. Væri hugur stjórnar þegar komin inn á nýtt starfsár með tilliti til lykilverkefna og annarra þátta.

Fundarstjóri þakkaði Hjörleifi fyrir framsöguna, en fleiri kvöddu sér ekki hljóðs undir dagskrárarliðnum.

6. Stjórnarkjör.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að framboðsfrestur til stjórnar hefði runnið út tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar, þ.e. kl. 10:00 mánudaginn 23. febrúar 2026. Hafi framboð borist frá Eddu Blumenstein, Guðjóni Auðunssyni, Guðjóni Reynissyni, Hjörleifi Pálssyni og Sigurlínu Ingvarsdóttur. Væru þau sjálfkjörin í stjórn og óskaði fundarstjóri þeim til hamingju með kjörið.

7. Tillaga um staðfestingu á skipun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Halla Thoroddsen, Inga Björg Hjaltadóttir og Tómas Eiríksson yrðu kjörin til áframhaldandi starfa í tilnefningarnefnd félagsins. Fór fundarstjóri yfir að frekari tilnefningar til setu í nefndinni hafi ekki borist innan tilskilins frests, sbr. starfsreglur nefndarinnar. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

8. Tillaga um tilnefningu utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að Björgólfur Jóhannsson yrði tilnefndur áfram sem utanaðkomandi aðili í endurskoðunarnefnd félagsins. Fundarstjóri opnaði mælendaskrá vegna tillögunnar en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var borin upp og var hún samþykkt samhljóða.

9. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að Deloitte ehf. yrði endurskoðunarfirma félagsins og Pétur Hansson og Ingvi Björn Bergmann endurskoðendur félagsins vegna rekstrarársins 2026.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði fundarmanna og var hún samþykkt samhljóða.

10. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar vegna komandi starfsárs og undirliggjandi greinargerð með tillögunni:

- i. Tillaga um þóknun stjórnarmanna.*
 - Stjórnarformaður fái kr. 976.000 á mánuði
 - Varaformaður stjórnar fái kr. 730.000 á mánuði
 - Aðrir stjórnarmenn fái kr. 488.000 á mánuði
- ii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í starfskjaranefnd.*
 - Formaður fái kr. 148.500 á mánuði
 - Aðrir nefndarmenn fái kr. 79.500 á mánuði
- iii. Tillaga um þóknun nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.*
 - Formaður fái kr. 239.000 á mánuði
 - Aðrir nefndarmenn fái kr. 122.000 á mánuði
- iv. Tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd.*
 - Formaður fái kr. 191.000 á mánuði
 - Aðrir nefndarmenn fái kr. 148.000 á mánuði
- v. Tillaga um þóknun fyrir setu í fjárfestingarráði.*
 - Formaður fái kr. 112.000 á mánuði
 - Ráðsmaður fái kr. 79.000 á mánuði

Gaf fundarstjóri orðið laust um tillögur stjórnar. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillögu stjórnar varðandi þóknun til stjórnarmanna, undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar undir atkvæði fundarmanna í einu lagi og var hún samþykkt samhljóða.

11. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar varðandi starfskjarastefnu félagsins og þá sérstaklega þeim breytingum sem lagðar hefðu verið til á stefnunni frá samþykkt aðalfundar 2025. Fór fundarstjóri yfir

að í aðdraganda aðalfundarins hafi borist ábending frá hluthafa vegna tillögugerðar um breytingu á 3. mgr. 10. gr. starfskjarastefnunnar að því er varðar skýrslu starfskjaranefndar og að tilvísun til þess að hún skyldi lögð fyrir aðalfund til samþykktar félli á brott.

Fundarstjóri fór yfir að eftir að stjórn hafi tekið ákvörðun um boðun og tillögugerð til aðalfundar hafi verið birt frumvarpsdrög varðandi breytingu á hlutafélagalögum í tengslum við innleiðingu á SRD-II tilskipuninni. Með hliðsjón af efni frumvarpsdraganna væri það tillaga stjórnar að falla frá fyrrgreindri tillögu til fundarins um breytingu á 3. mgr. 10. gr. starfskjarastefnunnar. Fór fundarstjóri að öðru leyti yfir greinargerð stjórnar að baki tillögunni og gaf orðið að því búnu laust um tillögu stjórnar.

Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu, að gerðri framangreindri breytingu á fundinum, var borin umræðulaust undir atkvæði hluthafa. Einn hluthafi, sem fór með atkvæði fyrir 108.893 hluti á fundinum, greiddi atkvæði gegn tillögunni en allir aðrir hluthafar samþykktu tillöguna. Var tillagan því samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða.

12. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar um kaup á eigin hlutum:

„Aðalfundur Festi hf. haldinn 5. mars 2026 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kaupskilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi félagsins 2027. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimild þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða með auknum meirihluta svo sem áskilið er í lögum og samþykktum félagsins.

13. Önnur mál löglega upp borin.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að ekki hefðu borist önnur mál löglega upp borin undir þessum dagskrárlið, en gaf orðið laust, ef einhver fundarmanna vildi almennt ræða um málefni félagsins.

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður, kvaddi sér hljóðs. Þakkaði hann fundargestum fyrir komuna, góðar samræður og ánægjulegan fund.

Fundarstjóri þakkaði Hjörleifi fyrir innleggið en fleiri kvöddu sér ekki hljóðs. Gerði fundarstjóri að endingu tillögu um að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundi var slitið kl. 11.40.

Framangreint staðfestist hér með.

Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.,
fundarstjóri

Sölvi Davíðsson lrl.,
fundarritari